



Viljayfirlýsing vegna FJÁRMÖGNUNAR Á GÖNGUM Í GEGNUM REYNISFJALL

Aðilar

Þessi viljayfirlýsing er gerð á milli Summu rekstrarfélags hf., kt. 640300-2560 f.h. innviðasjóða í rekstri félagsins, (hér eftir "Summa") og sveitarfélaganna Myrdalshrepps, Skaftárhrepps og Hornafjarðar (hér eftir „sveitarfélögin“).

Um Summu og Innviði

Summa hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða sbr 1. og 2. mgr. 9. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Summa hefur einnig viðbótarstarfsleyfi til eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar skv. 1. og 2. tölul. 3. mgr. 9. gr. sömu laga. Summa hefur um 10 ára skeið rekið innviðasjóði sem hafa það að markmiði að fjárfesta í innviðum á Íslandi.

Hluthafar Innviða II eru 19 íslenskir lífeyrissjóðir og eitt tryggingafélag og nemur hlutfé um 11 milljörðum. Fjárfestingargeta sjóðsins er þó mun meiri því gert er ráð fyrir meðfjárfestingum hluthafa í gögnum sjóðsins. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fjárfestir sjóðurinn í innviðum á Íslandi sem tengjast t.d. orku, samgöngum, dreifiveitum en einnig í samfélagslegum verkefnum. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem hafa jákvæða samfélagslega þýðingu.

Innviðir II eru skilgreindir sem sérhæfður sjóður í skilningi laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tilgangur

Markmið þessarar viljayfirlýsingar er að stuðla að framkvæmd ganga í gegnum Reynisfjall, sem munu bæta öryggi samgangna, stytta ferðatíma og stuðla að aukinni hagkvæmni í samgöngukerfi landsins.

Hér með lýsir Summa yfir vilja sínum til að vinna með sveitarfélögunum að framgangi verkefnisins m.a. með því að koma að fjármögnun þeirra í fyllingu tímans með þeim fyrirvörum sem tilgreindir eru hér að neðan.

Ávinningur og samfélagsleg áhrif

Aðilar eru sammála um að verkefnið muni bæta öryggi vegfarenda með því að útrýma hættulegum köflum á núverandi vegi og stytta ferðatíma milli svæða og bæta aðgengi að þjónustu. Auk þess mun verkefnið styðja við efnahagslega uppbyggingu svæðisins og efla ferðaþjónustu auk þess að draga úr umhverfisáhrifum með bættri veltengingu og skilvirkari akstri.



Framkvæmdin hefur jákvæð samfélagsleg áhrif út fyrir Mýrdalshrepp og hún myndi þannig ryðja úr vegi helsta farartálma á Suðurlandsvegi og auðvelda öllum þeim sem þurfa að sækja sér þjónustu um langan veg að gera það með öruggum hætti.

Fyrirvarar

Þessi viljayfirlýsing er háð hefðbundnum fyrirvörum svo sem um áreiðanleikakannanir, þ.m.t. mati á kostnaði við framkvæmdina, og frekari útfærslu á samningum við ríkið og stofnarnir þess. Viljayfirlýsingin er því ekki skuldbindandi.

Horft er til þess íslenska ríkið muni, eftir atvikum, leggja fram fjármagn til undirbúnings og hönnunar verkefnisins, auk hlutfalls af framkvæmdarkostnaði, í samræmi við lög um samgönguverkefni og opinberar framkvæmdir

Næstu skref og óskuldbindandi tímarammi

Í framhaldi af þessari viljayfirlýsingu er gert ráð fyrir því að Summa og sveitarfélögin útfæri nánara samkomulag um framgang verkefnisins. Næstu áfangar eru m.a.:

- Fundur með Innviðaráðherra til kynna og fara yfir málið.
- Grunnundirbúningsvinna og hagkvæmniathugun verði lokið á árinu 2025.
- Útlínur framkvæmdar og fjármögnunar liggja fyrir á fyrri hluta 2026.
- Stefnt er að framkvæmdir hefjist á árinu 2027.

Gildistími og undirritun

Þessi viljayfirlýsing gildir í 12 mánuði frá undirritun enda er gert ráð fyrir að nánara samkomulag liggja fyrir innan þess tíma, nema annað verði samið um skriflega milli aðila. Viljayfirlýsingin er undirrituð af Summu, Mýrdalshreppi, Skaftárhreppi og sveitarfélaginu Hornafirði sem staðfesting á sameiginlegum vilja þeirra til áframhaldandi viðræðna og samstarfs til langs tíma.

Reykjavík, Vík, Kirkjubæjarklaustri og Höfn, XX. mars 2025.

F.h. Summu rekstrarfélags hf.

Sigurgeir Tryggvason
Framkvæmdastjóri Summu

F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sigurjón Andrésen
Sveitarstjóri Hornafjarðar

F.h. Mýrdalshrepps.

Einar Freyr Elínarson
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

F.h. Skaftárhrepps.

Einar Kristján Jónsson
Sveitarstjóri Skaftárhrepps

Staðfest með rafrænum undirritum